

## Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnaðarhlutdeild sjúklinga.

Frá Atla Gíslasyni.

1. Hver var kostnaðarhlutdeild aldraðra, öryrkja og barna annars vegar og annarra sjúklinga hins vegar 1. janúar 1992, 1. janúar 1996 og 1. janúar 2000 og hver er hún nú af:
  - a. rannsóknargjöldum fyrir blóðrannsókn annars vegar og myndgreiningu hins vegar,
  - b. sjúkraþjálfun,
  - c. komugjaldi á heilsugæslustöð,
  - d. komugjaldi til sérfræðinga,
  - e. hverri lyfjaávísun?
2. Hvert var kostnaðarhlutfall sjúklinga í prósentum talið af heildarkostnaði Tryggingastofnunar ríkisins vegna samninga við sérfræðilækna árin 1992, 1996, 2000 og 2003?
3. Hver var fjárhæð hvers sérfræðieiningar (einingagjalds) í samningum Tryggingastofnunar ríkisins við sérfræðilækna 1. janúar 1992, 1996 og 2000 og hver er hún nú?

**Skriflegt svar óskast.**